

188. fundurstjórnar LSS haldinn föstudaginn 20. mars 2009 kl.

10:00

á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, IGG, SvB, BV, BI, BKrP, AH, GMB, MH, VLF.

Boðuð forföll: enginn

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sþ

2. Inntaka nýrra félaga

Rúnar Gunnarsson kt. 241178-4719 sjúkraflutningamaður á Ólafsfirði. sþ

Matthea Kristjánsdóttir kt. 081282-7149, starfsmaður hjá neyðarlínuni. sþ

Þorgerður Bjarnadóttir kt. 110790-3419, sjúkraflutningamaður. sþ aukaaðild

3. Reikningar félagsins, orlofssjóð og starfsmenntunarsjóðs

Farið yfir reikninga félagsins. Breyting á innheimtu félagsgjalda hjá hlutastarfandi hefur leitt til hækkunar á félagsgjöldum. Reikningarnir samþykktir og undirritaðir.

4. BÁ

14 hlutastarfandi slökkviliðsmenn hjá BÁ hafa sagt upp í kjölfar deilu um símagjald. Formaður og gjaldkeri fóru á fund 17. mars með stjórn BÁ, fulltrúaráði BÁ og lögfræðingi BÁ og slökkviliðsmönnum. LSS hefur tekið saman lista yfir ágreiningsmál frá slökkviliðsmönnum og óskaði eftir að fá að ræða þau mál við forsvarsmenn sveitarfélaganna.

5. Fulltrúaráðsfundur

Kl. 13:00 í dag verður fulltrúaráðsfundur í BSRB húsinu. Fundarstjóri verður varaformaður og ritari LSS mun rita fundinn. Reikningar félagsins verða lagðir fram og Upplýsingafulltrúi BSRB mun halda fyrirlestur um trúnaðarmanninn. Formaður mun flytja ávarp um starfið og það sem er framundan. Erlent samstarf, dómsmál, önnur mál.

6. Flugstoðir.

Búið er að segja upp samningi við SHS varðandi störf á Reykjavíkflugvelli. Til stendur að slökkviliðsmenn taki við á auknum verkefnum af flugumferðarstjórum. Umræður um lög um flugvelli og brunavarnir, farið yfir greinagerð með frumvarpi frá 2004. Enginn má vinna slökkviliðsstörf án þess að sækja sér réttindi. Kjarasamningar opinberra starfsmanna varðandi stöðu stéttarfélagsins.

7. Erlent samstarf

Form og v-form skrifuðu undir viljayfirlýsingu um stofnun Evrópusamtaka á fundi í Kaupmannahöfn. Það mun styrkja stöðu LSS erlendis frá, opnast möguleiki á auknum upplýsingum t.d. eins og um flugvelli. Hægt að fá stuðning frá öðrum löndum t.d. í kjarabaráttu. SBB var kosinn annar vara-forseti í Evrópusamtökunum. Global alliance fundur verður í Vancouver eftir viku. Formaður og vara formaður munusækja fundinn. Styrkur úr Starfsmannasjóð fyrir stórum hluta af kostnaðinum.

8. Fundur með Heilbrigðisráðherra 18.03 og með formanni SÍS 26.03.

SBB, SvB og FH fóru á fund með Ögmundi Jónassyni, Dagnýju Halldórsdóttur og Sveini Magnússyni. Rekið á eftir vinnu við að breyta reglugerð í framhaldi af tillögum í skýrslunni og endurskoðunar námskrár. Sveinn mun setja vinnu í gang og boða til fundar innan tveggja vikna. Rætt um að sveitarfélagin taki yfir sjúkraflutninga á

landinu. Vandamál með að hlutastarfandi eigi erfitt með að hlaupa úr vinnu. Rætt um sjúkraflugið, að ganga frá formlegum samningi við Ake.

Fundur verður með formanni Íslenskra sveitarfélaga 26. mars til að ræða almennt um sjúkraflutninga á Íslandi og aðkomu sveitarfélaga. Rætt um menntunarmálin þar með framhaldsnám í sjúkraflutningum. Það er í farvegi innan Menntamálaráðuneytisins. Rætt um uppsagnir á Þórshöfn og Hellu. Starfsfólk ráðuneytisins telur það ekki sitt mál en þá var þeim sýnt bréf til LSS frá ráðuneytinu um málið. Nauðsynlegt að senda fyrirspurn um ætlað skipulag á sjúkraflutningum hjá HSU vegna fyrirhugaðara breytinga. t.d. vegna fjölgunar á sumarhúsasvæðinu á Suðurlandi.

9. Önnur mál:

a) Logi og Glóð

Lagt fram til kynningar hugmynd um að nota meira Loga og Glóð í fræðslu. Athuga með höfundarréttinn hjá EBÍ. Frestað til næsta fundar.

b) Brunamálaráð

Á síðasta fundi var kynntur niðurskurður til brunamála og staða frumvarps um mannvirki (brunamál). Frumvarpið var stöðvað í fjármálaráðuneytinu vegna kostnaðar. Rætt um lyftur í félagsbústöðum. Yngri en 18 ára í útkallsliði slökkviliðs Grindavíkur. Rætt um að Keflavíkurflugvöllur ohf. líti svo á að lög um slökkvilið gildi ekki um þá.

c) Eldvarnaátakið

100.000kr styrkur frá menntamálaráði Reykjavíkur var að berast sem þýðir að niðurstaðan á verkefninu er -15.000kr.

Fundi slitið kl 11:55